



MENNTAMÁLASTOFNUN

Víkurbær 3 • 203 Kópavogi

postur@mms.is • www.mms.is

(+354) 514 7500

## Áætlað hlutfall nemenda sem geta lesið sér til gagns

Í upplýsingum til skólastjórnenda, um stöðu nemenda í lestri sem sendar voru skólum í mars 2016, kemur meðal annars fram forspá um það hve hátt hlutfall yngri nemenda við skólana muni geta lesið sér til gagns, samkvæmt ákveðinni skilgreiningu, við lok grunnskóla. Aðferð við að meta þetta hlutfall er stuttlega lýst hér.

Viðmiðið sem um ræðir er skilgreining og viðmið PISA könnunar OECD um að lesa sér til gagns. Upphaflega var fundin samsvörun milli PISA og samræmdra könnunarprófa og viðmiðinu fundinn staður á normaldreifðum kvarða samræmdu prófanna. Það viðmið var m.a. notað til að útbúa gögn sem fylgja Þjóðarsáttamála um læsi. Sama viðmið var notað í þessari greiningu, þ.e.a.s. þeim hluta er lýtur að 10. bekk. Ekki var þörf á að skilgreina slíkt viðmið fyrir yngri bekki í þessu tilviki.

Til að finna áætlað hlutfall yngri nemenda sem mun geta lesið sér til gagns við lok grunnskóla er byrjað á að greina saman niðurstöður úr 4. eða 7. bekk annars vegar og 10. bekk hins vegar. Fyrir hverja normaldreifða einkunn í 4. bekk var fundið hlutfall nemenda sem gat lesið sér til gagns í 10. bekk. Sama hlutfall var fundið fyrir 7. bekk. Byggt var á árgöngum sem luku samræmdum prófum á árunum 2005-2015.

Til að finna áætlað hlutfall yngri nemenda hvers skóla voru líkur fyrir alla nemendur í skólanum dregnar saman í prósentutölu. Niðurstaðan byggir því á nemendum sem þreyttu samræmd könnunarpróf í 4. eða 7. bekk.

Líkur á að nemandi geti lesið sér til gagns við lok grunnskóla eru því fundnar fyrir hvern og einn nemanda út frá frammistöðu hans í 4. eða 7. bekk. Ekki er stuðst við niðurstöður tengdar skólum, hvorki meðaltöl né annað.